



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ægisborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn Skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021	5
2.1	Ytra mat -Starfsmannakönnun	5
2.2	Ytra mat -Foreldrakönnun	6
2.3	Umbætur síðasta vetrar vegna ytra mats.....	8
2.4	Umbótaáætlun 2021-2022 vegna ytra mats	9
2.5	Innra mat Ægisborgar	10
2.6	Umbótaáætlun Ægisborgar	12
3	Innra mat deilda	13
3.1	Kot	13
3.2	Fjörudeild.....	16
3.3	Bárudeild	19
3.4	Öldudeild	24
4	Innra mat sérkennslu.....	27
4.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022.....	30
5	Innra mat – fjöltyngd börn	31
5.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021	31
5.2	Umbótaáætlun vegna fjöltyngi 2021-2022	32
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	33
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	35
8	Foreldrasamvinna.....	36
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	37
10	Fylgigögn.....	38
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	38



Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

1 GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Leikskólastjóri er að ljúka sínu fyrsta ári sem leikskólastjóri í Ægisborg. Árið hefur verið viðburðaríkt, ánægjulegt og krefjandi, enda ekkert venjulegt ár þar sem heimsbyggðin og leikskólasamfélagið tókst á við fordómalaus tíma vegna heimsfaraldurs Covid -19.

Starfsmannahópur Ægisborgar er einstakur og tókst á við fjölmargar áskoranir af yfirvegun og æðruleysi. Það reyndi virkilega á alla í leikskólasamfélaginu, ekki síst foreldra sem ekki gátu myndað samskonar tengsl við leikskólann eins og áður og foreldrasamvinna féll niður í sinni eiginlegu mynd.



Nýr leikvöllur var tekin í gagnið sl. haust og það er óhætt að segja að það hafi tekist vel til með hönnun og framkvæmd garðsins. Garðurinn er fallegur, krefjandi fyrir börn, fjölbreyttur og stór. Allur aldur unnr sér vel í leik og hreyfingu.

Stytting vinnuvikunnar var krefjandi verkefni sem starfsmannahópurinn tókst á við á haustönninni. Það var áskorun að finna leiðir til þess að stytting vinnuvikunnar gæti orðið að veruleika, en stéttarfélög höfðu samið um það í síðustu kjarasamningum. Reykjavíkurborg veitti ekki fjármagn til verkefnisins svo að það var ekki auðvelt, en tókst. Stofnaður var vinnutímahópur Ægisborgar sem stýrði verkefninu og allir starfsmenn voru þátttakendur í ferlinu. Um áramótin styttist vinnuvika starfsmanna í 36 stundir.

Starfið í Ægisborg byggir á góðum grunni með áherslu á læsi og hreyfingu. Með tilkomu menntastefnu Reykjavíkurborgar hefur verið lögð áhersla á sjálfsefningu og félagsfærni. Í tengslum við það urðu skipulagsbreytingar á Bárudeild, Fjörudeild og Öldudeild, en gerður var matsalur í miðrými Ægisborgar þar sem börnin borða. Með því að taka upp matsal þá var hægt að losa borð af deildum og skapa betra rými fyrir frjálsa leikinn sem er hornsteinn leikskólastarfsins.





Ægisborg tók þátt í verkefninu *LÁN -listrænt ákall til náttúrunnar* og í því samstarfi fengum við fræðimenn og listamenn í heimsókn til að vinna með börnum og starfsfólki. Virkilega ánægjulegt samstarf sem endaði með sýningu í Listasafni Reykjavíkur á Barnamenningarhátíð í apríl.

Við höfum samstarf við Háskóla Íslands sl. vor, RannUng og þrjá aðra leikskóla. Verkefnið heitir *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Það samstarf varð hvati að frekari faglegri umræðu í

Ægisborg og ýtti það undir samvinnu og lærdómssamfélag milli deilda í Ægisborg. Samstarfið við aðra leikskóla gekk ekki upp vegna heimsfaraldursins.

Húsnæði Ægisborgar er barn síns tíma og ekki var gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu þegar húsið var byggt. Fram undan eru bjartari tímar í þeim efnum og ráðist verður í að gera 50 m² starfsmannaaðstöðu í Kotinu; undirbúningsherbergi, fundarherbergi og kaffistofu starfsfólks. Þar verður börnum, fækkað um þrjú. Allra yngstu börnin verða í Koti og næst yngstu börnin verða á Fjörudeild. Kot og Fjörudeild voru áður með sama aldur.

Það verkefni sem er brýnast nú þegar sér fyrir endann á heimsfaraldrinum er að endurvekja innihaldsríkt foreldrasamstarf í Ægisborg með bættu upplýsingaflæði og nánari samskiptum. Í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar verður unnið áfram með sjálfsefningu og félagsfærni. Eftir mat starfsfólks á starfinu kom fram áhugi á að innleiða hugmyndir um flæði og sköpun í leik barna.

Mig langar að þakka öllum í Ægisborg fyrir gott samstarf og samvinnu á liðnu starfsári, börnum, starfsfólki og foreldrum.

Auður Ævarsdóttir

2 INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS 2020-2021

2.1 YTRA MAT -STARFSMANNAKÖNNUN

Starfsmannakönnun var gerð í febrúar 2021 og má segja að niðurstöður sýni að fremur litlar breytingar hafi orðið milli ára, þar sem heildartala Ægisborgar er svipuð og árið áður, eða 4,37 í stað 4,31 árið 2020. Nokkuð var þó um hreyfingu milli þátta eins og meðfylgjandi mynd sýnir:

Meðalskor þátta og breyting á milli árunna 2020 og 2021			
Páttur	Meðalskor	Breyting milli ára	
Starfsmannastöðugleiki	4,20	0,58	
Viðurkenning	4,66	0,43	
Starfsánægja	4,60	0,31	
Stjórnun	4,82	0,26	
Starfsandi	4,60	0,24	
Vinnuaðstaða	3,60	0,23	
Metnaður	4,63	0,13	
Starfsöryggi	4,60	0,10	
Tilgangur	4,58	0,06	
Ímynd	4,68	0,01	
Jafnrétti og jafnræði	4,58	-0,05	
Hæfilegt vinnuálag	3,50	-0,05	
Sveigjanleiki í starfi	4,08	-0,13	
Móttaka nýliða	4,22	-0,15	
Markmið og árangur	4,63	-0,17	
Upplýsingaflæði	4,40	-0,18	
Fræðsla og þjálfun	3,88	-0,24	
Frumkvæði	4,38	-0,29	

Skjáskot af helstu breytingum í starfsmannakönnun milli árunna 2020 og 2021. Hástökkvari ársins er starfsmannastöðugleiki, sem hækkaði um tæp 0,6 stig milli ára, en frumkvæði dalaði mest eða tæp 0,3 stig og fræðsla og þjálfun um 0,24. Sá þáttur sem best kom út var stjórnun (4,82) og ímynd (4,68). Starfsfólki þótti lakast hæfilegt vinnuálag (3,50) og vinnuaðstaða (3,60)

Ef rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að starfsfólk Ægisborgar er afar ánægt með stjórnun leikskólans og þættir eins og viðurkenning í starfi, ímynd, starfsgleði og starfsandi skora hátt. Samt sem áður upplifir starfsfólk mikið vinnuálag og enn á ný er *vinnuaðstaðan* einn lakasti þáttur Ægisborgar og er hvort

tveggja á gulu ljósi (á bilinu 3-4) í starfsmannakönnun meðan allir aðrir þættir eru grænir (á bilinu 4-5). Vert er að geta þess að fyrirhugaðar eru breytingar á starfsmannaaðstöðu í haust og næsta starfsár og því fróðlegt að sjá hvernig þessi þáttur mælist að breytingum loknum.

Í starfsmannakönnun kemur fram að fjórir starfsmenn upplifa áreiti samstarfsfólks og er þar um að ræða áreitni í orðum í þremur tilvika og kynferðislegt áreiti í einu. Einn svarenda segist hafa orðið fyrir neteinelti og útilokun á vinnustaðnum. Þrír svarendur segjast hafa orðið varir við fordóma samstarfsfólks og var það í garð erlendra starfsmanna, vegna trúarskoðana og aldurs.

Stjórnendum þykir þetta ólíðandi og þarf að ráða bót á þessu sem fyrst. Enda hefur, þegar þetta er ritað, verið fjallað um málið á starfsmannafundi, vísað á leiðir til úrvinnslu slíkra mála og fenginn sérfræðingur af Skóla- og frístundasviði til leiðbeininga fyrir starfsmannahópinn og stjórnendur sérstaklega.



2.2 YTRA MAT -FORELDRAKÖNNUN

Niðurstöður foreldrakönnunar sem var gerð í mars bendir til þess að viðhorf foreldra til Ægisborgar hafi dalað eilítið frá síðustu könnun frá 2019, en nú er heildarmælitatalan **4,54** en var **4,67**. Hæst var hægt að fá **5**. Þegar horft er á niðurstöður einstakra spurninga á töflunni á næstu síðu verður fljótt séð að fleiri þættir dala en rísa. Afar mikilvægir þættir skora hátt eftir sem áður, eins og viðmót starfsfólks (4,62), öryggi barnanna í leikskólanum (4,59) og barnið mitt á góða félag/aðlagast vel (4,57). Á hinn bóginn er augljóst að samstarf leikskólans og foreldra hefur ekki gengið sem skyldi, en foreldrar greina frá minni þátttöku í leikskólastarfinu og upplýsingaskorti. T.a.m. er liðurinn *Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu* sá þáttur sem lækkaði mest milli ára, eða um 0,87 stig og eins hafa upplýsingaflæðiþættir lækkað mjög sbr. liðina *Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni* (lækkar um 0,42) og *Leikskólinn heldur mér vel upplýstum* (lækkar um 0,40).

Hástökkvari milli kannana var *Aðbúnaður barna í leikskólanum* en sá þáttur hækkaði um 0,70 stig. Þeir þættir sem skoruðu hæst voru *Samskipti og viðmót starfsfólks* (4,62) og *Öryggi barnsins í leikskólanum* (4,59). Lægsti þátturinn var þátturinn *Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins* (3,13) og *Hvatning foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu* (3,38).

Í opnum svörum foreldra var téður upplýsingaskortur helst nefndur til sögu sem tækifæri til úrbóta í Ægisborg, en einnig aðgengi barnanna að skapandi efniviði.

Meðalskor þátta og breyting á milli ára 2019 og 2021			
Spurning	Meðalskor	Breyting milli ára	
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	4,24	▼	0,70
Ábendingum mínum er vel tekið	4,09		0,25
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	4,24		0,08
Í leikskólalastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	4,37		0,08
Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	4,53		0,06
Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum	4,57		0,02
Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	4,62		0,02
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	4,47		0,01
Barninu mínu líður vel í leikskólalastarfinu	4,54		0,00
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	4,31		-0,00
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	4,32		-0,01
Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	4,36		-0,01
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	4,19		-0,03
Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólalastarfinu	4,45		-0,06
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	4,59		-0,07
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	2,91		-0,09
Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	4,54		-0,13
Leikskólanum er vel stjórnað	4,38		-0,15
Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólalastarfið	4,09		-0,17
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	3,82		-0,23
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	3,48		-0,25
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	3,69		-0,27
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,35		-0,31
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	3,13		-0,34
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	3,50		-0,40
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	4,03		-0,42
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólalastarfinu	3,38		-0,87
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,54	N/A	
Barnið fær tækifæri í leikskólalastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	4,14	N/A	
Barnið hefur aðgang að skapandi efniviði til að vinna verkefni í leikskólanum	4,06	N/A	

Hér má sjá skor allra þátta foreldrakönnunar og breytingar frá síðustu könnun sem var gerð 2019. Foreldrar gáfu einkunn frá 1-5, þar sem 5 þótti best.

Ákaflega ánægjulegt er að sjá samskipti og viðmót starfsfólks skora hátt, en það er grundvallaratriði samstarfs. Hins vegar hefur ekki lánast að eiga upplýsandi samskipti við foreldra á erfiðum tímum, þegar persónuleg samskipti gátu ekki átt sér stað á eðlilegan hátt í dagsins önn -á tímum sem foreldrum var meinuð þátttaka í leikskólalastarfinu eftir hefðbundnum leiðum. Kannski hefði þurft kröftugri viðspyrnu með zoom-fundum og rafrænum upplýsingum. Þess ber þó að geta að fyrst um miðjan vetur skaffaði Reykjavíkurborg deildarstjórum leikskólanna fartölvu til starfans og bætti það töluvert úr varðandi skipulagsvinnu og samskipti við foreldra. Þó er ljóst að gott tækifæri er til að bæta starfshætti varðandi upplýsingagjöf og þátttöku foreldra.

2.3 UMBÆTUR SÍÐASTA VETRAR VEGNA YTRA MATS

Starfsmannakönnun:

Í starfsáætlun síðasta vetrar voru þrír umbótaþættir settir fram út frá starfsmannakönnun:

- Þörf á endurbótum á starfsmannaaðstöðu í Ægisborg
- Kynning á skilgreiningum á einelti og áreitni fyrir starfsfólk
- Fræðsla um viðhorf/samskipti/fordóma

Stjórnendur Ægisborgar sendu greinargerð til yfirmanna SFS þess efnis að *úrbætur á starfsmannaaðstöðu* í Ægisborgar væru óumflýjanlegar og var m.a. vitnað til niðurstöðu starfsmannakannanna síðasta áratuginn. Það hefur skilað sér í því að stórhuga bót er fyrirhuguð í leikskólanum. Samþykkt hefur verið þriggja barna fækkun í Ægisborg og Kotið endurteiknað með það í huga að koma fyrir viðunandi starfsumhverfi með kaffistofu, undirbúningsherbergi og viðtalsherbergi – ásamt endurhönnun deildarinnar í kjölfarið. Breytingaferlið tekur þetta starfsár og það næsta.

Á starfsmannafundi í júní 2020 var farið yfir *skilgreiningar á einelti og áreitni* eftir leiðsögn mannauðsráðgjafa af SFS. Í annan stað kom Anna Steinsen frá KVAN í Ægisborg með *fræðslu um viðhorf, fordóma og samskipti á vinnustað* og í kjölfarið endurmat starfsfólks upplýsingablöð um einkenni góðra samskipta sem er í starfsmannahandbók Ægisborgar. Ekki virðist það hafa skilað sér þrátt fyrir að samskipti á vinnustaðnum hafi komið vel út í heildina, þar sem áreitni jókst milli ára.



Vatnsdagur í Ægisborg

2.4 UMBÓTAÁÆTLUN 2021-2022 VEGNA YTRA MATS

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf	Útrýma áreitni og einelti af vinnustaðnum	-Mannauðsráðgjafi fenginn til samstarfs -Starfsfólk þekki mögul. boðleiðir umkvartana til úrvinnslu	Stjórnendur	Júní 2021	Maí 2022	Starfsmannakönnun 2022	Að hvorki mælist áreitni né einelti.
Samstarf	Endurbætur á aðstöðu starfsmanna	-Ný kaffistofa -Ný undirb. aðstaða.	Stjórnendur	Júní 2021	Maí 2022	Starfsmannakönnun 2022	Starfsaðst. fari upp um 0,8 stig í könnun
Samstarf	Fræðsla og þjálfun	Fá fræðslu á skipulagsdaga. Starfsfólk sæki námskeið og taki þátt í lærdóms- samtælagi með öðrum.	Stjórnendur	Júní 2021	Maí 2022	Starfsmannakönnun 2022 Stjórnendur haldi skrá yfir fræðslu og þjálfun hópsins og einstaklinga.	Fari upp í könnun
Foreldra- samstarf	Veita foreldrum betri upplýsingar um starfið	-Vikupóstar teknir upp -Völuappið virkjað að fullu	Deildarstj. Stjórnendur	Sept. 2021	Des. 2021	Rýnihópar starfsmanna og foreldrakönnun	Að uppl. þættir í foreldra- könnun fari upp um 0,5
Foreldra- samstarf	Skapandi starfi gert hærra undir höfði	-Aðgengi b. að skapandi efni verður bætt -Samstarf við Myndlistask. Rvk. - Upplýsingar/fræðsla um sköpun	Deildarstj. Deildarstj. Öldudeildar Deildarstj.	Sept. 2021	Maí 2022	Rýnihópar starfsm. og foreldrakönnun Ljósmyndir Skrá yfir fræðslu tengt sköpun	Skapandi efniviður aðgengilegur. Starfsfólk verði öruggara í skapandi vinnu m börnum – rýnihópur. Foreldrar upplifi að unnið sé með sköpun dagdaglega – könnun.





Ödudeild í grasagarði við túlípána sem börnin sáðu.

2.5 INNRA MAT ÆGISBORGAR

Á starfsdegi í febrúar 2021 var staðan tekin á áherslupáttum menntastefnunnar (læsi, hreyfingu, sköpun, sjálfsefningu og félagsfærni). Markmiðið var að fá góða mynd af hvernig Ægisborg stendur sig í þessum þáttum og hvaða þætti þarf að bæta á komandi árum. Unnið var í minni hópum og stuðst var við gátlista menntastefnunnar til að fá sem skýrasta mynd. Niðurstöður eru á þann veg að læsi, hreyfing, sjálfsefning og félagsfærni eru á heildina litið nokkuð sterkir þættir þó þar megi alltaf bæta og dýpka. Sköpunarþátturinn er lakastur að mati starfsfólks og foreldrakönnun styður við það. Svo það er brýnt, eins og komið hefur fram, að efla sköpunarþáttinn og er það komið inn í umbótaáætlun hér að framan. Starfsfólk mat þrjá þætti í innra starfi Ægisborgar sem breyttust hvað mest á sl. starfsári; *matsal, leikefni á deildum og dagskipulag*. Starfsfólk skráði hugleiðingar sínar á þar til gert blað sem tekið var saman og niðurstöður greindar. Niðurstöður úr matinu eru eftirfarandi:

Matsalur

Það sem vel er gert:

- Sjálfefning barns með því að leyfa því að skammta sér sjálft og virða þeirra val. Rólegt umhverfi en frjálst. Börnin velja sér sæti sem stuðlar að aukinni félagsfærni.
- Ánægðari börn, minni biðtími, meira rými á deild. Sjálfstæðari og frekar sjálfbjarga börn. Oft skemmtilegar umræður á forsendum barnanna.
- Börnin fá frelsi til að borða eins lengi og þau vilja, sem gerir þeim kleift að taka sjálfstæðar ákvarðanir, spjalla, ýtti undir sjálfstæði, bætt sjálföryggi til að velja sjálf (mat, sæti). Gott flæði milli deilda.
- Börnum mætt þar sem þau eru.

Það sem má bæta:

- Skipulagið í matsalnum – minnka aðkomu kennara, gera huggulegt, minnka matarsóun.
- Bæta verklag svo börnin fái sömu skilaboðin.

Leikrými á deildum

Það sem vel er gert:

- Meira leikpláss og gott aðgengi að leik og efniviði á deildum. Leikurinn er frjálssari.
- Betra og hentugra rými til leiks, fleiri svæði, minni stýring. Bjartara yfir og fallett húsöggn sem henta betur börnum.
- Frelsið sem þau hafa til að gera það sem þau langar helst og með vinum sínum.
- Leikumhverfið almennt gott og hvetjandi til leiks með leikefni í hæð barnanna. Hægt að skipta hópnum í smærri hóp.
- Barnið fær að velja sjálf og styrkir það sjálfsefningu barnsins. Barnið verður öruggara í leik og við val á leikefni.

Það sem má bæta:

- Leikefni – leikir sem stuðla að kynbundnum hlutverkum eru óheppilegir fyrir börn.
- Meira af opnum efnivið og minna plastdrasl. Enn betra aðgengi barna.
- Fjölbreyttari sköpun á boðstólum.

Dagskipulag

Það sem vel er gert:

- Meiri frjáls leikur og flæði í staðinn fyrir val.
- Söngur og samverustundir, útvera og hreyfing eru enn í dagskipulagi.
- Leikurinn og gæðastundir með litlum hópum – það þurfa ekki allir að gera það sama.
- Dagskipulagið er miklu betra. Frjáls leikur er góður og við höfum samverustund 2-3x á dag.
- Meiri tími fyrir frjálsan leik og flæði og það gengur mjög vel. Við reynum að hafa 2-3 samverur á dag. lestur, söngur og hreyfistundir eða danspartý.

Það sem má bæta:

- Skapandi starf.
- Að samverustundir séu betur undirbúnar.
- Setja dagskipulagið á blað til viðmiðunar.

Í rýnihópum barna um sömu þætti, þ.e. matsal og leikrými, kom fram ánægja þeirra með matsalinn. Þeim finnst gott að geta valið sér sæti og sessunaut. Þeim finnst gaman í matsalnum og þykir minni læti en þegar þau borðuðu inn á deild. Þau eru orðin svo dugleg að þau geta gert allt sjálf. Það sem má bæta eru skreytingarnar, gera fallett í matsalnum og það kom hugmynd um að setja upp sólir því það er svo sumarlegt.

Varðandi leikefnið þá eru börnin mest ánægð með holukubbana, lego, leir og litina og þeim finnst gaman að fara í leiki og leika í útverunni. Börnin í rýnihópnum eru mjög ánægð með kennarana sína og finnst þeir vera góðir í mörgu og ekki síst að vera til staðar þegar börnin leika sér.



2.6 UMBÓTAÁÆTLUN ÆGISBORGAR 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Matsalur	Að bæta verklag og skipulag í matsal.	Teymi vinnur að betra verklagi. Fundar reglulega.	Teymi um matsal	September 2021	Des. 2021	Rýnihópur starfsfólk	Skriflegt verklag og skipulag verði til í starfsmanna- handbók.
Matsalur	Að gera um hverfið í matsal fallegra/hlý legra.	Teymi um matsal vinnur að því með fulltrúum barna.	Teymi um matsal	September 2021	Des. 2021	Rýnihópur barna og rýnihópur starfsfólks. Ljósmyndir	Umhverfi í matsal verði heimilislegt og huggulegt fyrir börn.
Leikefni/ rými	Fá inn meira af opnum efnivið til leiks og sköpunar og fækka kynbundnu leikefni.	Við endur- nýjun leikefnis verður keyptur opinn og ókynb. efniviður.	Stjórnendur	September 2021	Júní 2022	Rýnihópur starfsfólks og barna. Ljósmyndir.	Að minna sé um kynbundið leikefni og meira af opnum efniviði á deildum.
Sköpun	Efla skapandi starf i daglegu starfi.	Fá fræðslu um skapandi starf með börnum. Samstarf við Myndlista- skóla Rvk.	Stjórnendur Deildarstjóri Öldudeildar	September 2021	Júní 2022	Skrá yfir fræðslu Starfsmanna- könnun. Rýnihópar starfsmanna.	Skráning á fræðslu fyrir starfshópinn.
Dag- skipulag	Samveru- stundir undirb.	Samveru- stundir verði betur skipulagðar.	Deildar- stjórar	Sept 2021	Júní 2022	Skrá. Gera sýnilegt á deildinni það sem gert er í samverust.	Samveru- stundir verði skipulagðari og það skráð.
Dag- skipulag	Dag- skipulag sýnilegt .	Dagskipulag verði sett á blað. Einnig myndrænt.	Deildar- stjórar/sér- kennslustj.	Október 2021	Október 2021	Skrá niður dagskipulagið/ myndrænt.	Dagskipulag sýnilegt á deildum.



Kotkrakkar í útskriftarferð Kotsins

3 INNRA MAT DEILDA

3.1 KOT

Í Koti voru 18 börn þennan vetur, 6 frá fyrra ári og 12 ný byrjuðu í ágúst og september. Aldurs-
hóparnir voru þrír, 2 börn fædd 2017, 13 börn fædd 2018 og 3 börn fædd 2019.

Aðlögun átti að hefjast 25. ágúst en henni varð að fresta þar sem 3 kennarar voru sendir í sóttkví í tvær vikur. Þegar henni var lokið tókum við fyrri hópinn í aðlögun og gekk það vel enda frábær börn og foreldrar. Síðara holið kom svo viku síðar og hafði næstum lokið aðlögun þegar upp kom Covid-smit í foreldra- og barna hópnum, sem sendi okkur í úrvinnslusóttkví. -Samt sem áður ekki síður frábær börn og foreldrar líka. 😊 Að lokum tókst að aðlaga alla og hefja okkar ferðalag í Kotinu. Við skiptum hópnum í þrjá hópa þar sem elstu börnin voru saman (7 börn) með tvo hópstjóra og svo drengja hópur (6) með tvo hópstjóra og stúlknahópur (5) með einn hópstjóra. Um áramót varð breyting á barnahópnum vegna flutninga og þá breyttum við hópaskiptingunni og tókum börn og færðum upp í eldri hóp.

Leikurinn er í aðalhlutverki hjá okkur og fær góðan tíma í dagskipulaginu. Þegar börnin hafa fengið sér morgunmat velja þau sér leikefni. Í vetur hafa verið börn sem hafa haft mikinn áhuga á púslum og spilum og byrja því morgnarnir oft á þannig stund. Þetta byrjaði hjá eldri börnunum en smitaðist svo til yngri barnanna og var því mikið spilað og púslað í Kotinu. Frjálsi leikurinn fær síðan að fljóta um og á það til að færast með börnunum út þar sem hann heldur áfram. Þá er áberandi hvað segulkubbornir sem við fengum lánaða á Bárudeild hafa gert mikla lukku og má sjá glæsilegar byggingar rísa þar sem svo annar efniviður er tekinn með s.s. risaeðlur og bílar.

Eins og undanfarin ár fóru elstu börnin í KR í haust, en það var stutt gaman. Við komumst í tvo tíma áður en að skellt var í lás út af „sotlu“. Að fara í KR er stór áfangi hjá börnunum, þau fá sinn KR-félaga og þurfa að passa upp á hann þegar gengið er út í KR. Þegar komið er í KR-heimilið er brýnt fyrir börnunum að við séum gestir og þurfum því að haga okkur samkvæmt því. Vera kurteis, bjóða góðan dag og ganga vel um. Við lærum líka að klæða okkur úr og í og ganga vel frá fötunum okkar. En KR

tímarnir eru þó aðalega skemmtilegar samverustundir þar sem við lærum að fara eftir reglum og fáum útrás fyrir hreyfiþörf okkar í stórum sal. Svo er útiveran nýtt til hreyfingar bæði í fína garðinum okkar og farið í vettvangsferðir.



Kotkrakkar að klifra

Samverustundir eru tvær þ.e. önnur fyrir hádegi þegar börnin koma inn eftir útiveru, þá er sungið, lesin bréf sem koma að heiman og rabbað um heima og geima. Hin er eftir síðdegishressinguna og er þá lesið í litlum hópum. Eins og lesa mátti í síðasta mati áttu sum yngri börnin dálítið erfitt með að vera í samverustund. Þessi börn eru nú í eldri hópnum og þó staðan sé mun betri getur reynst erfitt fyrir einstaka að halda athygli. Yngri hópurinn var þrautseigur og naut sín við lestur og hlustun.

Hvíldin er tvískipt og sofa yngri börnin eins og hver og einn má og þarf og fara svo í eldri hvíld þegar þau eru hætt að sofa. Eldri börnin hvíla sig (sofa sum) í Kríu og hlusta á tónlist og sögur.

Í vetur höfum við haldið áfram að vinna með sjálfsefninguna þar sem við viljum að barnið öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína. Einnig viljum við að þau læri sjálfshjálp og sýni hjálpssemi og virðingu gagnvart vinum sínum. Þó að oft slettist upp á venskapinn mátti sjá stundir þar sem þau voru að aðstoða hvert annað t.d. í fataklefanum og svo heyrðum við börnin hrósa hvert öðru fyrir dugnað og eljusemi. Vissulega má segja að Covid-19 hafi haft truflandi áhrif á starfið, sérstaklega þar sem foreldrar hafa ekki haft tækifæri til að koma inn og taka þátt í leikskólalífi barna sinna eins og í venjulegu árferði, þá vonandi er það að líða undir lok. Svo með jákvæðnina að vopni eru vonandi bjartari tímar fram undan með allskonar áskorunum.

Í haust flytjast Kotbörnin á aðrar deildir til að takast á við nýjar áskoranir. Því voru þau spurð hvað þau hafi lært og hvað hafi verið skemmtilegt að fást við í Kotinu? Svörin voru þessi:

- Að leika
- Að leika við alla
- Að spila
- Að mála
- Að klæða mig sjálf
- Að leika í brunabílum



Það þarf að vökva

Mat á umbótaáætlun 2020-2021

Í umbótaáætlun fyrir síðastliðin vetur var ákveðið að nota nærumhverfið til útináms og gekk það ágætlega. Að vísu fór lítið fyrir haustlitaferðinni þar sem aðlögun og sóttkví settu strik í reikninginn. En þegar líða tók á og sérstaklega á vorönn voru farnar nokkrar ferðir í nærumhverfið og þá sérstaklega í fjöruna. Þá mátti sjá starfsáætlunina meira í notkun, m.a. í umræðum á deildarfundum.

Umbótaáætlun Kots

UMBÓTA- ÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Húsnæðið	Að búa til gott lærdóms- samfélag.	Höfum flæði í huga með tilliti til aldurs barna.	Leikskóla- kennarar í Koti	Sept 2021	Júní 2022	Myndir teknar/ Tekið fyrir á deildarf.	Að börnin njóti sín í umhverfinu og fái fjölbreytt viðfangsefni.
Upplýsingaflæði	Fréttir af starfi.	Senda foreldrum fréttir ca. 1 sinni í viku.	Leikskóla- kennarar	Haust 2021	Vor 2021	Með samtali leikskólak.	Að foreldrum finnist þeir vel upplýstir.





Skapað á Fjörudeild

3.2 FJÖRUDEILD

Á Fjörudeild voru 19 börn í vetur, 12 drengir og 7 stelpur. 12 börn hófu sinn annan vetur á Fjörudeild og 7 börn komu ný í aðlögun í haust. Aldurshóparnir voru þrír: 7 börn fædd 2017, 11 börn fædd 2018 og eitt barn fætt árið 2019.

Um miðjan nóvember urðu starfsmannabreytingar á deildinni og nýr deildarstjóri tók við sem fetar sín fyrstu spor í því hlutverki. Um áramót breyttist starfsmannahópurinn einnig en vanur starfsmaður kom til baka úr orlofi og var

starfsmannahópurinn mjög kröftugur. Samvinnan var frábær og góður andi ríkti á deildinni.

Vegna aðstæðna í samfélaginu voru dagleg samskipti við foreldra takmörkuð og brugðist var við með því að senda vikulega upplýsingapósta til foreldra á föstudögum, um það sem átti sér stað í vikunni. Það hefur reynst vel og munum við halda því áfram.

Megináhersla Ægisborgar skólaárið 2020-2021 var sjálfsefning og fléttaðist hún inn í allt starf Fjörudeildar. Einnig áttu sér stað stórar breytingar á skipulagi og útliti deildarinnar. Elstu börnin byrjuðu að borða hádegismat og síðdegishressingu í matsal sem tekinn var til notkunar í október 2020, þar sem þau fá tækifæri til að setjast til borðs með öðrum eldri börnum frá Báru- og Öldudeild. Til að byrja með fóru elstu níu börnin inn í matsal að borða í hádeginu og seinni partinn, en ákveðið var að bíða með að bjóða upp á morgunmat og halda áfram með þá morgunrúttinu inni á deild. Þeim börnum sem borðuðu inni í sal fjölgaði svo með vetrinum og í júní byrjuðu allir að borða morgunmat inni í matsal. Í matsalnum fengu börnin tækifæri á því að kynnst sínu matarmáli, skammta sér sjálf, smyrja brauð, velja sér sæti og spjalla saman án þess að kennari sæti hjá þeim og stjórnaði samræðunum. Með þessu fyrirkomulagi efdust börnin og styrktust og nutu sín betur í matmálstímum, það var dásamlegt að sjá vini milli deilda geta borðað saman og systkini að hjálpast að. Með því að færa matmálstímana inn í matsal fækkaði borðum inni á deild sem skapaði betra leikrými á gólfinu og betri skiptingu leiksvæða á deildinni. Einnig opnaðist pláss á gólfi til að halda samverustundir deildarinnar sitjandi saman á stórri mottu í stað stóla. Börnin gátu þá valið sjálf sín sæti og líkamleg tjáning varð frjálfsari, sem og að kennarinn gat setið á gólfinu með þeim og tengst þeim betur.



Málað á Fjöru

Einnig voru hirslur og leikföng færð í hæð barnanna svo að þau hafi betra aðgengi að þeim. Keypt voru leikföng með opnum efnivið til að efla börnin enn frekar í leik og sköpun. Leikföng líkt og einingakubbar, holukubbar, segulflísar og annað slíkt vakti mikla lukku og var áhugavert að fylgjast með leik barnanna þróast og breytast eftir því sem þau dýpkuðu þekkingu sína á leiknum. Hægt og rólega yfir veturinn hættu fleiri og fleiri börn að sofa í hvíld eftir hádegismat og varð sú breyting á *vakandi* hvíld að hún færðist í stærra svæði. Nú liggja börn í Innri Fjöru og hlusta á sögu og þau sem vilja fá teppi frá leikskólanum til að kúra með. Börnin eiga nú hvert sína skúffu þar sem þau geta geymt föt eða listaverkin sín í yfir daginn, sem og snuð og bangsa. Þau hafa nú aðgengi að ferilmöppunum sínum og geta skoðað þær þegar þeim hentar.



Plask í pollum

Dagskipulag deildarinnar þróaðist einnig yfir veturinn og færðist það frá stýrðum stundum í meira flæði milli leiksvæða og reynt var að endurhugsa dagskipulagið svo að leikstundirnar væru lengri og fengju þann tíma sem þær þurftu. Valið var tekið út og gátu börnin með betra aðgengi að efnivið sótt sér það dót sem þau langaði að leika með og fara á það svæði sem hentaði þeim hverju sinni. Oft var opið milli rýma og börnin gátu flætt á milli svæða eftir því sem þau vildu. Leikurinn fékk því meira rými og tíma.

Lögð var áhersla í tengslum við sjálfsefninguna að börnin myndu kynnst sér og sínum tilfinningum, kynnu að setja mörk og virða mörk annarra. Þau æfðu sig í að segja *stopp* og hlusta þegar aðrir sögðu stopp við þau.

Frá hausti 2020 og fram til sumarlokunnar var leikskólakennaranemi á deildinni á sínu síðasta ári. Hún vann nokkur stór verkefni yfir veturinn, meðal annars verkefni í tengslum við sjálfsefningu kennara, hvað sé mikilvægt að hafa í huga til þess að geta eflt börn til sjálfsefningar. Einnig bjó hún til söngtexta í myndaformi, vann verkefni með einingakubbana, heimspeki og setti á laggirnar lærdómssamfélag kennara þar sem unnið var með skráningar barnanna, þær ræddar og þekking dýpkuð. Einnig tók hún þátt í þróunarvinnu fyrir matsalinn.

Eitt af áhersluatriðum síðustu starfsáætlunar var að halda áfram með verkefnavinnu frá fyrirtækinu KVAN - Verkfærakista fyrir leikskóla. Útlandaferðin með þeim varð ekki að veruleika, út af dottlu, en matslistarnir frá þeim voru notaðir. Þar var bæði metið hvar börnin standa félagslega innan og samskipti kennara við börnin. Annað áhersluatriði fyrir veturinn átti að vera að leggja áherslu á útinám en vegna þess hversu stóran þátt sjálfsefningin átti í starfi deildarinnar var ákveðið að hætta við útinámið.

KR átti sinn sess í vetur en líkt og kom fram í innleggi leikskólastjóra fórum við sjaldnar en vaninn er, en höfðum þó gaman þegar við gátum. Næsti vetur verður vonandi betri og hlökkum við til að halda þessu frábæra verkefni áfram. Krakkarnir á Fjörudeild fara að staðaldri einu sinni í viku.

Stytting vinnuvikunnar var innleidd um áramótin og það hafði í för með sér breytingu á skipulagi deildarinnar. Kaffitímar starfsmanna fyrir hádegi voru teknir út og áhersla var lögð á skipulagt starf fyrir hádegi þar sem viðvera kennara nýttist betur. Það hefur verið áskorun að láta styttingu vinnuvikunnar ganga en heilt yfir hefur hún þó gengið vel og starfsmenn ganga sáttir út þá daga sem þeir eiga styttingu.

Umbótaáætlun Fjörudeildar 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefandi umhverfi á deild	Betra aðgengi barna að efnivið og fullmótuð deild.	Deildarstjóri	Hófst nóvember 2020	Desember 2021	Fylgjast með hvernig nýtt fyrirkomulag hentar börnunum með skráningum.	Börn geta gengið í efniviðinn og deildin skiptist vel í leiksvæði.
Leikskráningar	Að hvert barn fái 1-2 leik- skráningar í ferilmöppuna sína á skólaárinu.	Deildarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Kennari tekur leik barna á myndband og vinnur skráningu upp úr því.	Öll börn fá 1-2 leikskráningar í ferilmöppu sína.
Deildarfundir og undirbúningur starfsfólks	Að hafa reglul. deildarfundir 1x í mánuði og starfsfólk fái sinn undirbúning.	Deildarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Með skipulagningu og samvinnu.	Að ná að halda deildarfund 1-2 x í mánuði og að allir fái sinn undirbúning.



3.3 BÁRUDEILD

Í haustbyrjun voru 18 börn á deildinni; 10 fædd 2016 og 8 fædd 2017 -8 stelpur og 10 strákar. Óvenjumörg börn hófu sinn annan vetur á Bárudeild en þau voru fimm. Það kom sér vel að hafa svona margar flottar fyrirmyndir til staðar fyrir nýja fólkið okkar. Eitt barn byrjaði í Ægisborg en hin komu öll af yngri deildum leikskólans.



Meira rými fyrir leikinn! Borðin horfin og börnin njóta plássins sem skapast.

Veturinn 2020-2021 var vetur mikilla breytinga í leikskólanum öllum og ekki síst á Bárudeild. Á haustmánuðum breyttum við fjölnotasalnum okkar í matsal þar sem börnin af Öldu, Báru og hluti af Fjöru borða nú saman. Við losuðum okkur þ.a.l. við matarborðin af deildinni og í stað stóru plássfreku banana-borðanna eru núna þrjú lítil borð og nokkrir stólar. Ný og lægri húsgögn voru keypt inn og áhersla lögð á að börnin hefðu yfirsýn yfir leikefnið og gætu hjálpað sér sjálf um flesta hluti. Rýmið á deildinni tók stakkaskiptum í kjölfarið með

auknu gólfplássi, nýjum húsbúnaði og nýju leikefni. Börnin hafa nú alltaf aðgang að blöðum, skærum, lími, skriffærum og litum.

Með tilkomu matsalarins breyttist fyrirkomulagið á deildinni og var dagskipulagið einfaldað í kjölfarið. Hádegisverður er nú framreiddur á milli 11:30 og 12:30 og síðdegishressing 14:30 til 15:30. Börnin fara í litlum hópum í mat og geta setið með vinum sínum ef þau kjósa. Þau hella sér sjálf í glös og nota hnífapör. Út af Covid-19 þurfti starfsfólk að skammta þeim á diska þennan vetur, en nú erum við að færa okkur í þá átt að þau geti bjargað sér sjálf í matsal og skammtað sér mat og smurt sér brauð. Markmiðið er að börnin verði nánast alveg sjálfbjarga í matsalnum.

Hver og einn getur nú ákveðið hversu löngum tíma varið er í mat með tilkomu matsalar. Þau sem eru snögg að borða skjótast í mat og hin sem finnst gott að sitja lengi og spjalla við félagana um daginn og veginn, geta setið í allt að klukkutíma kjósi þau svo. Börnin sem eru ekki að borða eru inni á deild að leika og dunda sér. Svo rúllar matartíminn þar til öll eru búin að borða nægju sína. Í lok hádegisverðar skrá börnin hversu mikið eða lítið þau borðuðu.

Í upphafi vetrar stóð til að hafa hópastarf með þremur hópum og láta allt starfsfólk deildarinnar vinna að hópastarfi og hver og einn myndi nýta sína styrkleika í verkefnum með börnunum. Þegar líða tók á veturinn fannst deildarstjóra þó hópastarfið of stýrt og ákvað að fylgja flæðishugsjóninni inn í hópastarfið. Starfið þróaðist því þannig að kennari býður fram verkefni fyrir nokkur börn sem byrja það og hin leika inni og/eða úti. Þau koma svo koll af kolli inn í verkefnavinnuna og hafa sína hentisemi hversu lengi þau sitja við verkefnið. Þetta hefur gefist mjög vel og vill deildarstjóri alls ekki fara aftur í stýringuna. Þau verkefni sem unnin voru á þennan hátt eru t.d. jólagjafir til foreldra, jólaskraut í glugga deildarinnar, steinaverkefnið sem við vorum svo LÁNsöm að fá að taka þátt í, gróðursetning fræja, hljóðfæragerð og sjálfsmyndir. Þegar þetta er ritað fer að hefjast sögu- og bókagerð Bárudeildar og svo að lokum viðtöl við börnin.

Samverustundir voru ýmist tvær eða þrjár á dag, fór eftir dagskránni og dagsforminu hvern dag. Það var mikið lesið, sungið og skrafað og lesin mörg bréf að heiman fyrir hópinn. Verkefnið *Sýna og segja frá* var sett á laggirnar í haust, en þá mega börnin hafa með sér hlut að heiman til að sýna félögum sínum í samverustund. Það eflir börnin í framsögn, hlustun og athygli og styrkir tengslin við heimilið og fjölskyldurnar. Þetta voru mjög skemmtilegar stundir og börnin stóðu stolt og sýndu sína hluti. Sami háttur verður hafður á næsta vetur. Verkefnið er skráð og sett inn í ferilmöppur barnanna.

Hver deild fékk sinn snjallsíma og fartölvu í stað borðtölvu. Auk þess fengu deildarstjórar sína eigin fartölvu og geta því verið hreyfanlegir í sínum undirbúningi. Snjallsímarnir eru með fínar myndavélar og því er nú auðveldara að skrásetja starfið þar sem síminn er alltaf við höndina. Í símanum er einnig Spotify aðgangur og Völu viðverukerfið. Snjallsímarnir hafa gert samskipti við foreldra einfaldari því foreldrar hafa beint samband inn á deild í gegnum símtölskilaboð og geta sjálf skráð frí og veikindi í gegnum Völu.

Stytting vinnuvikunnar tók gildi um áramótin og er nú fullt starf 36 klst. vinnuvika. Hver starfsmaður fær frí hálfan dag í viku og hefur þetta skilað sér í meiri starfsánægju og léttari lund starfsfólks. Kaffitímar á morgnanna voru teknir út og fyrir vikið hefur myndast betri samfella í starfinu á morgnana.



Leikur á ljósaborði.

KR-ferðir féllu meira og minna niður frá mars 2020, en farið var nokkrum sinnum að vori þegar veira leyfði. Búningsklefum í KR var sleppt og börnin þurftu bara að klæða sig úr yfirhöfnum, skóm og sokkum. Þannig tóku ferðirnar mun styttri tíma í heildina og kröfurnar til barnanna orðnar minni og meira aldurssvarandi fyrir þriggja og fjögurra ára börn. Undirrituð er afar ánægð með þessa þróun mála og mun tala fyrir því að sami háttur verði hafður á í framhaldinu.



Báruvinkonur í KR

Í haust var fjárfest í **holukubbum** og þeir hafa svo sannarlega slegið í gegn og eru í stanslausri notkun. Þegar salnum var breytt í matsal þáðum við **einingakubbana** sem höfðu verið þar og hafa þeir einnig slegið í gegn í bland við annað leikefni.

Í samstarfi með Öldudeild er *flæðið* orðið fast í sessi og er nú komið á dagskrá þrisvar sinnum í viku. Þá mega börnin af tveimur elstu deildunum flæða á milli og leika þvert á deildir. Við höfum skellt upp listasmiðju í matsalnum í flæðinu fyrir hádegi og hefur það gefist vel og langar okkur að skerpa á þeirri vinnu og gera listsköpun sýnilegri. Auk flæðis höfum við boðið áhugasömum börnum á viðburði þvert á deildir og erum iðulega með sameiginlegar söngstundir og dansiböll.

Menntafyrirtækið **KVAN** kynnti fyrir okkur matslista og verkfæri til að meta hvernig börnin standa í félagahópnum og hvernig samskipti starfsfólks og hvers barns eru. Þetta er gert til að grípa þau börn sem standa höllum fæti og efla þau félagslega áður en þau lenda í frekari vanda og starfsfólk fær gleggri yfirsýn yfir samskipti sín og barnanna. Það er auðvitað þannig í þessu starfi eins og öðrum að fólk nær misvel saman og á það svo sannarlega einnig við um sambönd fullorðinna og barna.



Holukubbar



Myndvinnsla á Bárudeild

Deildarstjóri er nú að ljúka sínum öðrum vetri í því starfi og þykir hafa tekist vel til á miklu breytingaári. Stærsta breytingin er án efa matsalurinn þar sem verkferlar eru enn þá í slípun og fínþússun. Síðastliðinn vetur var agastjórnun vandamál á deildinni, en með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í vetur hefur það vandamál nánast orðið úr sögunni. Það eru mun færri árekstrar og minni keppni um athygli kennarans. Millibilsástand veldur alltaf streitu í barnahópnum og með nýju fyrirkomulagi nánast útrýmdum við þessum biðtímum.

Í umbótaáætlun fyrri vetrar var dagbókin nefnd eins og oft áður og hefur hún nú verið fjarlægð og deildarstjóri ætlar að vera iðnari við að hripa nokkur orð niður á skjá og senda foreldrum í tölvupósti. Hvíldin var löguð að óskum barnanna og hún stytt. Fyrir áramót hlustuðum við mikið á sögur og tónlist af geisladiskum og Spotify en eftir áramót lögðum við upp með að lesa lengri og þyngri bækur en við náum í samverustundum. Það gafst vel og við skráðum niður hversu margar bækur við lásam og þær voru fjölmargar. Söngvar og lög voru í umbótaætlun fyrri árs og við höfum svo sannarlega bætt miklu við lagaforðann okkar. Ægisborgarabragurinn kom þar sterkur inn og börnin komu með uppástungur um lög til að syngja.



Börnin hafa vaxið og eflst í öllum skilningi þess orðs. Við leitumst við að verða við öllum þeirra bónum og óskum og stýringar frá starfsfólki hafa snarminnkað. Börnunum er treyst til að meta fyrir sig sjálf hvað þau vilja gera, með hverjum og hversu lengi.

Ég þori að fullyrða að leikurinn, samskiptin og mórallinn hefur aldrei verið betri.

Diljá Agnarsdóttir, deildarstjóri Bárudeildar

Umbótaáætlun Bárudeildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustundir	Markvissari samverustundir, fleiri leiki fyrir hópinn, fleiri vísur.	Setja niður plan fyrir samverustundir.	Deildarstjóri	Haut 2021	Vor 2022	Lá plan fyrir og var farið eftir því?	Fjölbreyttari samverustundir.
Listsköpun	Að skapa meira og gera það sýnilegra.	Deildarstjórar Ö+B setja niður plan fyrir sköpun í Flæði.	Deildarstjórar Öldu og Bárú.	Haut 2021	Vor 2022	Var meira um listsköpun en veturinn á undan?	Skráningar í möppur barna.
Ferilmöppur og skráningar	Að hvert barn eigi amk 1 leikskráningu eftir veturinn.	Kennarar gefi sér tíma í skráningar.	Deildarstjóri	Haut 2021	Vor 2022	Telja skráningar í möppum barna.	Leikskráningar sýnilegar í möppum barnanna.
Hvöld	Bjóða upp á fleiri en eina típu af hvöld, t.d. jóga og slökun.	Kennarar kynni sér jóga fyrir börn.	Deildarstjóri	Haut 2021	Vor 2022	Voru tvær tegundir af hvöld í boði að vori?	Tókst að hafa sum í jóga/slökun og önnur að hlusta á sögu?



3.4 ÖLDUDEILD

Í haust voru 22 börn á Öldudeild, 14 fædd 2015 og 8 fædd 2016. Tvö af þeim fluttu af landi brott um áramót og fengum við þá eitt barn í viðbót af Bárudeild og eitt barn kom af öðrum leikskóla. Vegna aðstæðna kom annað brottflutta barnið til baka að utan og bættum við því aftur í hópinn, þannig að börnin voru 23 um tíma. Daginn eftir að elstu börnin hættu í leikskólanum var skipulagsdagur. Því var ekki hægt að hafa aðlögunina eftir áætlun fyrri ára og börnin færð á milli deilda án skipulagðrar aðlögunar. Þar sem flæði á milli Bárú- og Öldudeildar hafði verið reglulegt liðinn vetur, kom það ekki að sök. Börnin þekktu rýmið og kennarana vel og gekk því tilfærsla barnanna hnökralaust. Einn af kennurunum, sem hafði verið starfandi á Öldudeild í mörg ár, lét af störfum í maí.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á umhverfi Öldudeildar síðastliðið ár. Við ákváðum að láta slag standa og breyta salnum í matsal. Þar mætast nú Öldu- og Bárudeild, auk elstu barnanna á Fjörudeild og borða hádegismat og síðdegishressingu saman. Fyrst voru borð færð af deildum en síðar voru keypt hentugri borð fyrir matsalinn. Í matsalnum eru börnin hvött til sjálfstæðis og sjálfshjálpar. Kennarar eru í hlutverki þjónustufólks og börnin læra á sínar þarfir, smekk og magamál án of mikilla afskipta frá kennurum. Börnin eru þó vissulega hvött til að smakka það sem er á boðstólnum hverju sinni. Þessi umbreyting sals í matsal, er liður í sjálfsefningu barnanna sem er sá þáttur menntastefnu Reykjavíkur sem Ægisborg leggur áherslu á.

Þegar borð voru farin af deildum skapaðist meira og betra rými til leiksins. Gömul og lúin húsgögn voru endurnýjuð og skipulagið inni á deildinni hugsað upp á nýtt með það í huga hvernig það styðji sem best við leikinn. Leikefnið var fært í hæð barnanna og gert aðgengilegra. Kerra var útbúin með pappír, litum, skærum, lími, límbandi og fleira sem gæti nýst til sköpunar. Fjárfest var í holukubbum og vönduðum leikföngum, sem hafa verið í daglegri notkun síðan þau komu í hús. Hefðbundið val vék fyrir flæði, þar sem börnin fá betur notið sín í leik. Þau velja hvað þau gera, með hverjum og hversu lengi.

Í vetur höfum við tekið þátt í verkefni sem ber heitið *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Verkefnið var unnið í samstarfi við Rannung, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og þrjá aðra leikskóla í Reykjavík. Markmið verkefnisins var að auka fagmennsku starfsfólks leikskólans í tengslum við áherslupátt hvers skóla, sem í okkar tilviki er sjálfsefning. Einn liður verkefnisins var að flytja erindi á



Steinastarf á Öldudeild

Menntastefnumóti Reykjavíkur í maí, þar sem við sýndum myndbrot af því hvernig matsalur og flæði efla börnin í skólanum.

Þar sem metnaður í Ægisborg er mikill tókum við þátt í öðru stóru verkefni, sem nefnist *Listrænt ákall til náttúrunnar* (LÁN). Listafólk kom á fót listasmiðju í Ægisborg, þar sem Báru- og Öldudeildarbörn lærðu ýmislegt um steina og fengu að spreyta sig í bókagerð. Afrakstur verkefnisins var síðan settur upp í Listasafni Reykjavíkur, í tilefni af barnamenningarhátíð. Í tengslum við þetta verkefni fengum við góðan gest í heimsókn á Öldudeild. Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sævar, kom og hitti afar áhugasöm börn og kennara og fræddi þau um himingeiminn og jörðina okkar. Sitthvað fleira hefur á daga okkar drifið á Öldunni í vetur. Lilja Steinunn Jónsdóttir, björgunar-sveitarkona og Rökkvi, björgunarsveitarhundur, komu í heimsókn. Lilju tókst að dýpka þekkingu okkar á eldgosinu á Fagradalsfjalli og sýndi okkur flott myndbrot. Við fengum einnig að fræðast um þjálfun björgunarahunda og þeir sem vildu fengu að klappa Rökkva. Eitthvað minna var um vettvangsferðir en í venjulegu árferði, en við náðum þó að planta túlípanalaukum í Grasagarðinum og elstu börnunum var boðið á leiksýningu í Borgarleikhúsinu. Við söknuðum þess að bjóða foreldrum í heimsókn þennan vetur en bráðum kemur betri tíð í þeim málum. Einnig hafa elstu börnin verið að vinna að útskriftarverkefninu sínu, sem er að vanda stuttmynd. Samstarf við Grandaskóla, Gullborg og Grandaborg, sem við höfum átt í síðustu misseri, var í mýflugumynd liðinn vetur.

KR hefur að mestu fallið niður, þó náðum við nokkrum góðum vikum á vordögum. Þar varð sú breyting á háttum að búningsklefar voru ekki í boði. Því fóru börnin úr sokkum og öðru í salnum og skildu eftir við vegg. Við þetta urðum við laus við umstang sem fylgir því að skipta um föt, muna eftir töskum og fleira og gátum betur einbeitt okkur að hreyfingunni. Í stað þess að fara í KR og til að stuðla að hreyfingu barnanna höfum við haldið vikuleg dansiböll, sem fallið hefur í góðan jarðveg meðal barna og kennara. Vikulegar söngstundir og flæði með Bárudeild eru fest í sessi og falla vel í kramið hjá bæði börnum og kennurum. Annað sem við höfum fléttað inn í daglegt starf í vetur eru slökunarnuddstundir, þar sem börnin skiptast á að bjóða hvoru öðru nudd eftir sögu sem kennarinn segir á meðan. Þetta hafa verið notalegar stundir og börnin orðin nokkuð fær í þessari iðju. Bréf að heiman eru vinsæl sem aldrei fyrr og skákin hefur komið sterk inn, fyrir tilstilli áhugasams kennara sem hefur smitað einhverja af skákbakteríunni.



Lilja björgunarsveitarkona kom og hélt fyrirlestur um björgunarstarf. Hún tók björgunarahundinn Rökkva með sér.

Þar sem samkomulag um styttingu vinnuvikunnar er nú bundið í kjarasamninga starfsfólks höfum við þurft að ráðast í það verkefni. Með útsjónarsemi að vopni hefur tekist að skipuleggja starfið þannig að það gangi upp á deildinni. Í stað kaffitíma starfsfólks á morgnanna er einn langur kaffitími um hádegisbilið. Allir starfsmenn eru inni á deild á morgnanna. Þar af leiðandi færast meiri gæði í starfseminum fyrir hádegi, þar sem allir kennarar eru viðstaddir og lengri tími gefst til vinnu og leiks. Auk þess er almenn ánægja meðal starfsfólks með fyrirkomulagið.

Í umbótaáætlun síðasta vetrar var einn umbótaþátturinn að gerast réttindaskóli Unicef, sem vegna ýmissa annarra verkefna gekk ekki upp í þetta skipti og bíður vonandi betri tíma. Eins átti að festa *Markvissa málörvun* í dagskipulagi en

vegna skipulagsbreytinga var það látið mæta afgangi, þó að við höfum vissulega örvað málið í daglegu starfi. Fyrir áramót höfðum við svokallaða hringekju. Þar var hópnum skipt í litla hópa með ólíkum einstaklingum með fyrir fram ákveðnum viðfangsefnum. Tilgangur með henni var að börnin kynntust hvoru öðru, mismunandi leikefnum og svæðum, en teljum nú mikilvægara að gefa flæði í frjálsa leiknum meira vægi. Þar fá börnin að leika sér á eigin forsendum, þar sem þau velja sjálf hvað þau gera, með hverjum og hversu lengi. Þá hafa þau



Tvö að tafli

betra tækifæri að dýpka leikinn sinn og fá tíma og rými til að rækta áhugasvið sitt og kynnast sjálfum sér og öðrum. Við höfum haldið áfram að nota matslista úr verkfærakistu KVAN, sem við fengum í hendurnar haustið 2020. Matslistarnir eru til þess gerðir hjálpa okkur að meta samskipti við börnin og félagslegu stöðu þeirra í hópnum. Gripið var inn í þar sem þörf var á og jákvæð samskipti milli allra hafa aukist.


Veturinn hefur verið lærdómsríkur fyrir flest okkar, þar sem fyrri starfsháttum hefur verið kollvarpað af ýmsum ástæðum. Matsalsbyltingin gekk brösuglega í fyrstu en almennt eru bæði börn og kennarar alsælir með þetta nýja fyrirkomulag, sem er þó enn í þróun. Í framhaldinu langar okkur að gera salinn enn aðgengilegri fyrir börnin, þar sem hugmyndin er til að þau verði sem mest sjálfbjarga. Einnig má bæta við huggulegheitum og enn betri stemningu. Góð stemning eru orð sem hafa mikið verið notað í vetur. Tillitssemi og vinátta milli barnanna hafa ráðið ríkjum og notalegt hefur verið að mæta til vinnu, þrátt fyrir þær áskoranir sem við höfum þurft að takast á við á tímabilinu. Það hefur verið fróðlegt og hvetjandi að taka þátt í rannsóknum, vera hluti af stórum listviðburðum, skyggjast inn í hvað aðrir leikskólar eru að bardúsa og bera saman bækur. Næsta vetur erum við bjartsýn um að samstarf við Grandaskóla, Gullborg og Grandaborg muni vakna til lífsins, en áhugi er hjá skólunum að halda því áfram.

María Halldóra Jónsdóttir, deildarstjóri Öldudeildar.

Umbótaáætlun Öldudeildar 2021-2022

UMBÓTA-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf.?	Viðmið um árangur
Auka samstarf milli heimilis og skóla	Meira samstarfi en hefur verið.	Virkjum foreldra til að taka þátt í leikskólalífinu.	Deildarstjóri og leikskólakennari.	Haust 2021	Vor 2022	A.m.k. 2 heimsóknir á vinnustað for. eða kynning í ÆB.	Að a.m.k 2 heimsóknir eða kynningar hafi verið.
Aukið upplýsingaflæði til foreldra	Að foreldrar fái að fylgjast með daglegu starfi í ÆB.	Tölvupóstur, helst vikulega til foreldra.	Deildarstjóri	Haust 2021	Sumar 2022	Deildarstjóri sendir tölvupóst í hverri viku.	Að foreldrar fái póst í hverri viku.
Sköpun	Auka skapandi starf.	Listasmiðja og námskeið.	Deildarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Fara á myndlistanámskeið og hafa efniv. aðgengilegan.	Að sköpun hafi verið sýnilegri á Öldudeild.
Hópefli og samvinna hjá börnunum	Skipulagðir samvinnuleikir í hópastarfi.	Nýta hópastartíma	Deildarstjóri og kennarar á deildinni	Haust 2021	Vor 2022	Að farið hafi verið í leiki í hópastarfs-tímum.	Að farið hafi verið í leiki og börn hafi haft gaman.
Matsalur	Meiri sjálfshjálpar barna í matsal	Hvetjum börnin til að skammta sér sjálf.	Starfsfólk	Haust 2021	Sumar 2022	Færri inngrip starfsmanna og hvatt til sjálfshjálpar.	Að börnin séu sjálfstæðari í matsal en áður.
Barnalýðræði	Auka barnalýðræði og þau læri um lýðræði.	Kosningar um t.d. öðruvísi daga og hvað sé í matinn.	Starfsfólk deildarinnar	Haust 2021	Vor 2022	Útbúa kosningaseðla og klefa og ganga til kosninga.	Að börnin hafi kosið a.m.k. þrisvar yfir veturinn.
Flæði og rými	Að halda áfram að þróa rými og leikefni/efniv. með flæði í huga.	Veljum opinn efnivið og höfum snyrtilegt og bjóðandi umhverfi.	Starfsfólk deildarinnar	Haust 2021	Sumar 2022	Leikföng og leikefni á góðum stað, aðgengileg og notuð.	Snyrtilegt og bjóðandi umhverfi sem styður við flæði í leik og sköpun.
Minnka matarsóun	Minnka matarsóun.	Fræðsla um matarsóun og umhverfið.	Starfsfólk	Haust 2021	Sumar 2022	T.d. vigta mat, skoða hverju við hendum.	Að matarsóun minnka.

Síðastliðinn vetur var einstaklega áhugaverður, lærdómsríkur og fjölbreyttur. Verkefni sérkennslunnar hverju sinni helgast af þeim börnum sem eru í leikskólanum og þurfa sérkennslu. Á vordögum voru 7 börn með tilgreinda sérkennslutíma. Eitt þeirra með 8 klst, en hin börnin með 4ra eða 2ja klst. sérkennslutíma daglega. Þrír kennarar sinntu sérkennslunni auk sérkennslustjórans. Verkefnin voru margvísleg eins og áður, m.a. einstaklingsvinna, vinna í fámennum hópi og kennsla í leik með jafnöldrum. Sérkennarar hafa á undanföllum árum unnið með börnum á einhverfurófi og geta nýtt sér þekkingu sína í atferlisíhlutun með þeim börnum sem þess þurfa. Þá er stuðst við færnimatið **ABLL'S**. Einnig var færnimatið **AEPS** notað fyrir nokkur börn. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir börnin í samráði við foreldra og deildarstjóra. Einnig komu aðrir sérfræðingar að þessari vinnu. Námskráin fylgir börnunum á milli deilda og síðan í grunnskólann. **HJÓM-2** er aldursbundin



Úr einni félagsfærnisögu sérkennslunnar

skimun sem er lögð fyrir börn til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari tíma lestrarerfiðleika. Matið er gert að hausti og er unnið með þær niðurstöður allan veturinn. Við gerum **EFI2**, málþroskamat fyrir nokkur börn sem eru orðin rúmlega 3ja ára og **TRAS**, sem eru skráningar á málþroska fyrir þau börn sem þess þurfa. Við lögðum líka inn **Tákn með tali** fyrir eitt barn. Nokkur börn þurftu sérstaka málörvun sem fór fram í fyrir fram ákveðnum málörvunartímum, svo og við allar aðstæður í starfi leikskólans. Sérkennarar fylgja þeim börnum inn á deild sem þurfa sérstaka kennslu. Þau sem geta ekki nýtt sér samveru með félögum sínum fá kennslu í minni hópum eða í

einstaklingskennslu. Í vetur höfum við haft vinnustundir þar sem unnið var m.a. með sjálfsefningu, tilfinningar, líðan, samkennd og virðingu. Hvíldartímar voru nýttir til málörvunar.

Kennarar sérkennslunnar unnu lítilega með eldri börnunum inni á deildum þegar þau voru í flæði milli deilda. Það er ný áskorun fyrir okkur og áhugaverð. Sérkennslubörnin tóku þátt í að borða inni í matsal með börnum af öðrum deildum. Þetta var einnig mikil áskorun í sumum tilvikum en gekk ljómandi vel. Við höfum einnig unnið með foreldrum og kennurum nokkurra barna. Við höfum búið til margar félagsfærnisögur sem eru notaðar til að auka færni barna við ýmsar aðstæður.

Síðasti vetur var frábrugðinn í okkar starfi að mörgu leyti. Við fórum t.d. ekki í þær vettvangs-heimsóknir sem við erum vön. Helst má nefna að KR-tímar voru örfáir og bókasafnsheimsóknir og hefðbundnar skólaheimsóknir voru ekki farnar að þessu sinni.

Sérkennslan vinnur náið með foreldrum og þeim sérfræðingum sem við getum leitað til. Nokkrum börnum hefur verið vísað áfram til frekari athugunar. Teymisfundir eru með foreldrum þeirra barna sem hafa sérkennslutíma. Við nýttum okkur tæknina og funduðum í gegnum fjarfundabúnað þegar ekki var hægt að hittast með eðlilegum hætti. Þannig voru flest allir fundir með foreldrum og ráðgjöfum okkar. Samskipti við foreldra voru minni sl. vetur en áður þegar fólk gat hist.

Þennan vetur hafa Bjarnveig Magnúsdóttir sérkennsluráðgjafi og Guðrún J. Rafnsdóttir hegðunarráðgjafi, fylgt eftir nokkrum börnum í Ægisborg. Íris Dögg Rúnarsdóttir talmeinafræðingur hefur veitt sérkennurum, foreldrum og kennurum ráðgjöf. Samvinna var líka við Heilsugæslu Seltjarnarnes og Maríu Huld Ingólfssdóttur sálfræðing, sem kom og hitti hér börn og foreldra. Þetta samstarf var til fyrirmyndar eins og áður. Ekki náðum við að ráða fram úr öllum þáttum umbótaáætlunar 2020-2021. Fundargerðir voru gerðar aðgengilegri fyrir alla kennara deilda. Skráningar voru markvissari en áður. Við fórum ekki á þau námskeið sem við höfðum hugsað okkur hjá Greiningarstöð. Það bíður betri tíma. Í samstarfi við deildarstjóra fylgdum við börnum sem fóru á milli deilda og þurftu aðstoð.

Sérkennslustjóri sótti námskeið í Endurmenntun HÍ um **TRAS**, sem er skráning á málþroska ungra barna. Vorráðstefna Greiningarstöðvar, *Börn með fatlanir viðhorf og valdefling*, var á fjarfundabúnaði í apríl sl. og Fjóla Þorvaldsdóttir verkefnastjóri sérkennslu hjá Reykjavíkurborg og ráðgjafar Miðju máls og læsis efndu til lærdómssamfélags sérkennslustjóra. Markmiðið með lærdómssamfélaginu er að eiga samtal um starf sérkennslustjórans, þannig að hann hafi tækifæri til að efla þekkingu sína, þróast og auka færni sína í starfi. Ráðgjafar **PVMH** höfðu einnig ýmsan fróðleik með fjarfundum fyrir sérkennslustjóra.

Alla Dóra Smith, sérkennslustjóri



Kíkt í kistu

4.1 UMBÓTAÁÆTLUN SÉRKENNSLU 2021-2022

Umbóta- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið og aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennsla í „Flæði“	Vinnustundir í flæði inni á deildum.	Sérk. fylgi börnunum í flæði.	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Haut 2021	Vor 2022	Skráningar	Barnið hefur náð fyrir fram ákveðinni færni.
Ipad og GSM sími	Ný færni á Ipad og snjall- símann.	Kynna okkur nýja færni sem nýtist betur.	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Haut 2021	Vor 2022	Matsfundur	Kennari getur nýtt sér Ipad til kennslu.
Símenntun	Villulaust nám. Námskeið hjá Greiningarstöð.	Námskeið. Rifja upp inntak aðferðarinnar.	Sérkennslustjóri	Haut 2021	Vor 2022	Námskeiðið sótt	Er þekkingin nýtt í vinnu með börnum?
Símenntun	Atferlisíhlutun. Með áherslu á skráningar.	Kynna sér nýjar aðferðir.	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Haut 2021	Vor 2022	Námskeið sótt	Þekkingin nýtt í betri vinnu með börnunum.



5.1 MAT Á MÁLÖRVUN OG VIRKRI ÞÁTTTÖKU FJÖLTYNGDRA BARNNA 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar voru nýjar bækur og nokkur spil endurnýjuð. Ný Öpp keypt í Ípada.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í markvissum vinnustundum. Með myndrænu dagskipulagi. Orð eru sett á athafnir með markvissum hætti, t.d. í matartímum, fataklefa og flestum stundum í leikskólanum. Daglegar lesstundir. Unnið með Gefðu -10 á öllum deildum og það skráð á blað sem er öllum sýnilegt.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með ma., bóklestri, rímum, þulum, loðtöflusögum. Í fataklefa, við matarborðið og í leik. Ný orð eru útskýrð og við leikum okkur með málið. Erfiðari bækur eru lesnar og orðin útskýrð.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	HLJÓM 2, Orðaskil, TRAS – skráningar, málprokska matið EFI 2 – sem er málproskaskimun fyrir börn á 4ða ári Einstaklingsáætlanir eru gerðar og fylgst með framförum t.d í appinu Lærum og leikum. Lubbi finnur málbein, Bitsbord og ýmis öpp. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull. Spiluð margskonar málörvunarspil sem auka tjáningu og skilning og orðaforða.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Með bóklestri, í skipulögðum leikstundum – þar sem kennari er þátttakandi samverustundum, vinnustundum, Gefðu 10, með orðaspjallsaðferðinni. Í öllu daglegu starfi leikskólans. Bæði inni og úti. Unnið með hljóðkerfisvitund barnanna. Í hópastarfi er unnið með ritmálið, sögugerð o.fl. Út frá einstaklingsnámskrá er unnið með áhugamál hvers og eins, styrkleika og löngun. Sendibréf að heiman auka málörvun, tengingu milli heimils og skóla.




5.2 UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA FJÖLTYNGI 2021-2022

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölmennung	Í samveru- stundum og þegar börnin eiga afmæli, er skrifað á þeirra heimamáli á kórónur. Á þjóðhátíðar- degi barns er rætt um landið og upprunann.	Upplýsa samstarfsfólk og kynna fyrir þeim hvaða leið er best til árangurs fyrir tvítyngd börn. Menning barnanna gerð sýnileg. Börn kynni bækur og tónlist frá sínu landi.	Sérkennslu- stjóri og tengiliður fjölmennungar í leik- skólanum.	Haut 2021	Vor 2022	Fagfundir og deildarfundir. Starfs- og skipulagsdagar.	Þegar fjölmenn- inginn er sýnileg í leikskól-anum.
Fjölmennung	Tengiliður fjölmennungar í Gullborg, Grandaborg og Ægisborg mynda teymi.	-Efla lærdóms- samfélag og umræður/verkefni tengd fjölmennungu. -Fræðsla á sameiginlegum starfsdegi Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar í nóvember	Tengiliður fjölmennungar	Haut 2021	Vor 2022	Fundir tengiliða. Fundargerðir.	Að unnið verði markvisst að málefnum fjölmennungar og mynduð stefna fyrir Ægisborg.



Frá Ægisborgarhlaupinu.



Dagskrá hópeflis starfsfólks Ægisborgar þann 4. júní; Minigolf, Gljúfrasteinn og Meðalfellsvatn!

6 STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Snerpuviðtöl fóru fram í febrúar og mars. Leikskólastjóri hitti alla starfsmenn og var rætt um líðan, starfsánægju, styrkleika starfsmanna og annað sem þeim lá á hjarta.

Í endurmenntun starfsárið 2020-2021 átti að fara í áður frestaða námsferð Ægisborgar til Berlínar. Skemmst er frá því að segja að hætta þurfti við ferðina vegna heimsfaraldurs og bíður námsferð betri tíma. Endurmenntun varð af skorum skammti vegna takmarkana. Fyrir allan hópinn fengum við fyrirlestur um samskipti, en það var Anna Steinsen frá menntafyrirtækinu KVAN, sem messaði yfir hópnum. Kynning á samstarfsverkefni Ægisborgar, RannUng, HÍ og þriggja leikskóla, heimsóttum Mixtúru, margmiðlunarver skóla og frístundasviðs Reykjavíkur, Fyrirlestur Ingrid Kuhlman, *Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum*.

Skipulagsdagar voru vel nýttir til faglegrar vinnu, mats og umræðu en þó með miklum takmörkunum sökum heimsfaraldursins. Í ágúst var farið yfir ýmis hagnýt atriði í Ægisborg, starfsáætlun, starfsmannasáttmála Ægisborgar og kynning var á lærdómssamfélagi RannUng, HÍ og þriggja leikskóla.

Á skipulagsdegi 2. október kynntu deildir áherslur í starfi vetrarins og sérkennslan fór yfir stöðu mála. Eftir hádegið fór vinnutímahópur Ægisborgar yfir verkefnið „stytting vinnuvikunnar“.

Á skipulagsdegi 22. febrúar var unnið að mati á stöðu Ægisborgar út frá áherslum í menntastefnu Reykjavíkurborgar (læsi, sköpun, heilbrigði, sjálfsefning, félagsfærni). Starfsfólk vann í hópum og könnunaraðferðin notuð til að meta. Niðurstöður eru nýttar í umbótaáætlun 2021-2022.

10. maí var Menntastefnumót sem var sameiginleg ráðstefna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs hjá Reykjavíkurborg. Ráðstefnan átti að vera í Hörpu en var á netinu í staðinn. Ægisborg lét ekki sitt eftir liggja og tengdumst við þremur viðburðum. Viðtöl voru tekin við börn í Ægisborg með það að markmiði að fá fram þeirra sjónarmið um áherslur menntastefnunnar. Þetta var sýnt á ráðstefnunni



Fjörubörn í fjöruferð

enda mikilvægt að fá fram raddir barna. Ægisborg sýndi myndband um það breytingarferli sem fór í gang í vetur og tengdist sjálfseflingu barna og félagsfærni í nýjum aðstæðum; breyttum matsal og leikrými. Það verkefni var unnið í samstarfi RannUng og þriggja annarra leikskóla. Að lokum var kynning á LÁN verkefninu sem okkur

lánaðist að vera þátttakendur í og verk barnanna voru sett upp á sýningu í Listasafni Reykjavíkur í tengslum við Barnamenningarhátíðina. Við vorum stolt af þátttöku okkar í deginum og ekki síst að tilheyrja þessu metnaðarfulla starfi sem á sér stað í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

4. júní var síðasti skipulagdagurinn á starfsárinu og við nýttum hann í að fara yfir niðurstöður í starfsmannakönnun og viðhorfskönnun foreldra. Eftir hádegið var hópefli og samvera með hópnum enda kærkomið að enda starfsárið á því að hittast loksins nokkuð áhyggjulaus. Lykilorð síðdegisins voru minigolf, Laxness og Meðalfellsvatn.

Tveir starfsmenn sóttu svonefnd *Fagnámskeið* á vegum Eflingar og Mímis. Einn starfsmaður sótti *Fagnámskeið I* í maí og annar starfsmaður *Fagnámskeið II* í júní. Sem áður segir í pistli sérkennslustjóra sótti starfsfólk sérkennslu ýmsa fræðslu sem snýr að sérkennslunni. Einn starfsmaður stundar nám í Leikskólabró hjá Mími símenntun. Annar starfsmaður er skráður í það nám næsta vetur. Leikskólakennaranemi var í vinnu í Ægisborg og námi á lokaári til meistaraþráðu. Neminn vann verkefni inni í leikskólanum og setti á fót lærdómssamfélag um skráningar. Starfsmenn af öllum deildum tóku þátt í því og gaf það mikið inn í starfið. Neminn brautskráðist frá HÍ með nám í leikskólakennarafræðum nú í sumarbyrjun.

Leikskólastjóri Ægisborgar steig sín fyrstu skref í starfi leikskólastjóra og fékk úthlutað mentor sem er reyndur leikskólastjóri í Reykjavík. Sá leiðbeindi og studdi leikskólastjórann gegn um fyrsta árið.

Varðandi starfsþróun og símenntun fyrir starfsárið 2021-2022 er horft til áframhaldandi innleiðingar á áherslum menntastefnunnar. Það má helst nefna; flæði, leik og félagsfærni, sköpun og samskipti. Hugmyndin er að efla samstarf við Gullborg og Grandaborg og halda sameiginlegan skipulagsdag í haust 2021.



Útskriftarhópur Ægisborgar þann 6. júní 2021

7 SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Áætlun um samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar fyrir skólaárið 2020 – 2021, hélst ekki vegna ástands í þjóðfélaginu. Skipulag heimsóknna stóðst ekki, en með þessari áætlun vonumst við til að hægt sé að taka upp þráðinn og vera með svipaðar áherslur og lagt var upp með áður. Meginþættir samstarfsins á sér stoðir í þróunarverkefninu *Læsi í leiðinni* þar sem áhersla var á sameiginlegt verkefni sem tengist vinnu með læsi beggja skólastiga. Verkefnið hafði einnig þann tilgang að auðvelda börnum að flytjast milli skólastiga og gera þann flutning sem eðlilegastan. Markmiðið var meðal annars að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt. Frá því að þróunarverkefninu lauk hefur *Ný menntastefna* litið dagsins ljós. Út frá þeirri stefnu hafa leikskólarnir þrír, Grandaborg, Gullborg og Ægisborg, lagt ríka áherslu á eflingu sjálfsmyndar barna og félagsfærni og þá þætti telja forsvarsmenn Grandaskóla mikilvæga til að takast á við verkefnin sem bíður barns í grunnskóla.

Ákveðinn farvegur hefur verið á gagnkvæmum heimsóknum en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst. Fulltrúar Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar hittust að þessu sinni í maí 2021 og ræddu um mikilvægi samstarfsins og að finna út nákvæmari dagsetningar fyrir heimsóknir næsta skólaárs.

Næsta skólaár verður samstarfið með eftirfarandi hætti:

- Í viku 37 í september koma 1. bekingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir og leikskólabörnunum gefst færi á að spyrja hvernig það sé að byrja í skóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í viku 46 í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í viku 50 í desember.
- Í viku 6 í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskóla og „vísiterað“ á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í viku 11 í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í viku 20 í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Eftir að þróunarverkefninu lauk kom reynsla á samvinnu milli leikskólanna með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár, meðal annars með því að elstu börn leikskólanna hittast í nánasta umhverfi og

eiga skemmtilegar samverstundir. Síðasta skólaár var sérstakt eins og áður hefur komið fram og er nú lag á að efla samvinnuna. Hugmynd er einnig að elstu börnin hitti börn úr frístundinni og þá ekki síður yfir sumartímann.

8 FORELDRASAMVINNA

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti aðila byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 4 kost á sér og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar.

Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun og sumarlokun. Sumarfríð var ákveðið með þeim hætti að stjórnendur Ægisborgar stungu upp á við foreldraráð að gerð

yrði könnun um sumarlokun til foreldra og starfsfólks. Foreldraráð tók vel í það og í samráði við þau var gerð könnun og meirihluti fékk því ráðið hvaða tímabil verður lokað sumarið 2021. Ráðið fundaði tvisvar með stjórnendum liðið starfsár, en þess á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum. Liðsinni ráðsins var dýrmætt, en það hefur komið við sögu framkvæmda á lóð og var upplýst um skipulagsbreytingar í Ægisborg vegna aukinnar og bættrar aðstöðu starfsmanna sem eru í farvatninu.

Foreldraráð 2020-2021 skipuðu: Iðunn Vignisdóttir, Lára Hannesdóttir, Þorvaldur H. Gröndal og Örn Úlfar Sævarsson. Nýtt ráð verður skipað að hausti.



Trúðurinn Wally kom á sumarhátíð foreldrafélagsins. Má segja að í Ægisborg hafi það markað endalok Covid faraldursins.

9 SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Leikskóladagatal Ægisborgar fyrir komandi starfsár fylgir starfsáætlun sem sér skjal, en eftirfarandi dagar eru skipulagsdagar í Ægisborg á komandi starfsári:

23. ágúst 2021

23. september 2021 - Sameiginlegur með grunnskólanum

10. nóvember 2021 - Sameiginlegur með grunnskólanum

14. janúar 2022

7. febrúar 2022

12. maí 2022 - Sameiginlegur með grunnskólanum

F. h. leikskólans Ægisborgar

Leikskólastjóri

Dagsetning



10 FYLGIGÖGN

10.1 FYLGISKJAL - UMSÖGN FORELDRARÁÐS

Foreldraráð leikskólans Ægisborgar skipa:

Iðunn Vignisdóttir

Lára Hannesdóttir

Þorvaldur Gröndal

Örn Úlfar Sævarsson

Umsögn um starfsáætlun Ægisborgar 2021-2022.

Foreldraráð Ægisborgar lýsir ánægju með fyrirliggjandi starfsáætlun leikskólans. Hún endurspeglar faglegan metnað og skýra sýn í anda menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“. Við erum þess fullviss um að þau atriði sem þarf að bæta, t.d. upplýsingaflæði til foreldra, verði betra þegar allt starf og þjónusta kemst í fyrra, eða eðlilegra, horf eftir Covid-hremmingarnar.

Heimsfaraldurinn hefur haft í för með sér ýmsar áskoranir auk þess sem ráðist var í útfærslu styttingar vinnuvikunnar á sama tíma. Um leið og foreldraráð fagnar styttingunni er þess óskað að framkvæmd hennar verði skoðuð reglulega til þess að tryggja hæfilegt vinnuálag og að börnin fái ekki síðri þjónustu en verið hefur. Foreldraráðið veltir fyrir sér framtíðaráformum Reykjavíkurborgar um opnunartíma leikskólanna í Reykjavík, sem var styttnur tímabundið í upphafi Covid-faraldurs, og lokuðu skólarnir kl.16.30 í stað 17. Foreldraráðið óskar eftir því að fyrir næsta skólaár verði tekin upp umræða um það hvenær -eða hvort- draga eigi þessa styttingu til baka.

Við í foreldraráði erum afar ánægð þær úrbætur sem starfsfólk stóð fyrir með því að útbúa matsal í Ægisborg. Sú breyting hefur greinilega haft mikil og jákvæð áhrif á starfið og andrúmsloftið í kringum matartímann. Breytingin hefur stuðlað að sjálfsfellingu barna í matartímanum, ekki bara í skólanum, heldur hafa áhrifin líka skilað sér heim. Sérstaklega ánægjulegt er að lesa um rýnihóp barna, að þau séu höfð með í ráðum varðandi skipulag, hvort sem er að breyta og bæta í matsal, eða í starfi og leik inni á deild.

Ánægja er með það samstarf sem Ægisborg hefur tekið þátt í sl. skólaár, að svo miklu leyti sem hægt var, svo sem verkefnið LÁN -listrænt ákall til náttúrunnar, heimsókn Stjörnu Sævars á Barnamenningarhátíð og mikil ánægja er meðal foreldraráðsins með fyrirhugað samstarf við Myndlistarskóla Reykjavíkur. Það kallast vel á við niðurstöður foreldrakönnunar, þar sem aðgengi barnanna að skapandi efnivið var nefnt sem tækifæri til úrbóta.

Starfsáætlun Ægisborgar er greinargóð, skemmtileg og vel unnin og ber metnaðarfullu starfi Ægisborgar vel vitni, sem og því úrvals starfsfólki sem þar starfar. Foreldraráðið þakkar fyrir góðan



vetur og villu að lokum hvetja til þess að fertugsafmæli Ægisborgar verði fagnað rækilega í byrjun ársins 2022!





Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Fulveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M
2 M Fridagur verslunamanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Foreldrasamtöl Óldudeild	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Foreldravika	3 F	3 F Foreldrasamtöl Óldudeild	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ Foreldravika	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ Kynningarfundur Koti	5 F	5 S	5 M Foreldravika	5 L Dagur stærðfræðinnar	5 L	5 Þ Barnamenningarhátíð hefst	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F	6 M	6 M Kynningarfundur Fjórudeild	6 L	6 M	6 F Foreldravika 40 ára Prettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F Foreldravika	7 M Leikskólaráðstefnan/Skipulagsdagur í Ægisborg	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M Adventukaffi í Ægisborg	8 L	8 Þ	8 Þ Foreldrasamtöl Bárudeild	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M Foreldrasamtöl Bárudeild	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M Skipulagsdagur í Ægisborg	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenska táknmálsins	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F Skipulagsdagur í Ægisborg	12 S Sjömannadagurinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M Vatnsdagur í Ægisborg
14 L	14 Þ Kynningarfundur Óldudeild	14 F	14 S	14 Þ	14 F Skipulagsdagur í Ægisborg	14 M Bolludagur	14 M Dagur stærðfræðinnar	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ Sprengidagur	15 Þ Foreldrasamtöl Koti	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F Litlu jólin	16 S	16 M Öskudagur	16 M Foreldrasamtöl Koti	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ KR syning	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M Annar í páskum	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ Kynningarfundur Bárudeild	21 F	21 S	21 Þ	21 F Bóndagsgaffi	21 M Konudagskaffi í Ægisborg	21 M	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ Foreldrasamtöl Fjórudeild	22 F	22 S	22 M
23 M Skipulagsdagur í Ægisborg	23 F Skipulagsdagur í Ægisborg	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M Foreldrasamtöl Fjórudeild	23 L	23 M	23 F Þróttahátíð
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F Hreyfidagur
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladaur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F Vasaljósdagur í Ægisborg	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppstigningardagur	26 S
27 F	27 M	27 M Alþjóðlegur bangsadaur	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F Vöflukaffi í Ægisborg	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ		31 S		31 F Gamlársdagur	31 M		31 F		31 Þ Útskrift elstu barna	

Í reglum um leikskólapjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.